| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 18. júní 2015 – útg. 1 |
| **Námsgrein** | Sálfræði |
| **Titill** | Afbrigðasálfræði |
| **Skammstöfun** | SÁLF3CA05 |
| **Viðfangsefni** | Afbrigðasálfræði |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Í áfanganum er fjallað um einkenni og mögulegar afleiðingar streitu og kreppu (þroskafræðilegar og sálfræðilegar kreppur). Farið er í geðraskanir út frá DSM-V flokkunarkerfinu. Helstu einkenni, tíðni, orsakir og mögulegar meðferðarleiðir kynntar. Markmið umfjöllunar og verkefnavinnu áfangans er að auka þekkingu, skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart einstaklingum með geðraskanir. |
| **Forkröfur áfanga** | SÁLF2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• helstu einkennum og orsökum streitu og kreppu<br>• einkennum, algengi, áhættuþáttum og mögulegum orsökum helstu geðraskana<br>• uppbyggingu og notkun þekktustu flokkunarkerfa geðrænna vandamála<br>• ólíkum meðferðarformum afbrigðasálfræðinnar |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• greina helstu einkenni streitu og kreppu<br>• greina einföld, dæmigerð einkenni hinna ýmsu geðraskana með rökstuðningi<br>• nota DSM-V flokkunarkerfið við greiningu geðrænna vandamála<br>• nýta sér innlendar og erlendar fræðigreinar ásamt APA heimildarskráningu<br>• þekkja og geta tengt saman íslensk og erlend hugtök (samheiti) er tengjast efni áfangans<br>• tjá sig í ræðu og riti á ábyrgan hátt gagnvart geðrænum vandamálum<br>• beita þeim leiðum sem fjallað er um í áfanganum sem stuðla að andlegri vellíðan og heilbrigði |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• geta unnið í samvinnu við aðra<br>• geta lagt rökstutt mat á geðræn vandamál í sjúkrasögum sem unnið er með í áfanganum<br>• taka afstöðu til og rökræða ýmis álitamál er tengjast efni áfangans<br>• í ræðu og riti fjalla um geðraskanir af virðingu og víðsýni og vinna þannig gegn fordómum<br>• gera sér grein fyrir hvernig stuðla megi að bættu geðheilbrigði |
| **Námsmat** | |